

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

11. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 8. mars. kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Elín Gylfadóttir í forföllum Guðbjargar Bergmundsdóttur, Steinn Ingi Kjartansson, Samúel Kristjánsson, Karl Guðmundur Kjartansson og Elsa Borgarsdóttir.

Pétur G. Markan, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Steinn Ingi Kjartansson bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmati fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta 2018 / 2019.
3. Ráðning sveitarstjóra.
4. Ísafjarðará – útleiga.
5. Skipan í framkvæmdaráð umhverfissvottunar Vestfjarða.
6. Vinna í stefnumótun í málefnum barna – bréf frá Velferðarráðherra.
7. Endurnýjun samnings við NAVE.
8. Fundargerð samband íslenskra sveitarfélaga nr. 868.
9. Fundargerð Hafnarsambands Íslands nr. 410.
10. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 7. febrúar.
11. Fulltrúar Vesturverk koma og kynna fyrirhuguð virkjunaráform í sveitarfélaginu.
12. Íslands ljóstengt – styrkur til Súðavíkurhrepps.

1. Skýrsla sveitarstjóra lögð fram. Skýrslan verður sett inn á sudavik.is
2. Hér yfirgefa Karl Guðmundur Kjartansson og Samúel Kristjánsson fundinn vegna vanhæfis.

Sveitarstjóri kynnir sérreglur fyrir úthlutun byggðakvóta 2018 / 2019 sem samþykktar voru á 10. fundi sveitarstjórnar, 8. febrúar. Reglurnar eru svohljóðandi:

- a) A-liður 1. gr breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni sbr 4. gr laga nr 116/2006 um stjórn fiskveiða eða frístundafiskveiðileyfi skv 2. tl 4. mgr 6. gr sömu laga við lok umsóknafrests.

b) Ákvæði 1. máls. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðisárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 20% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundafiskveiðileyfi. 20% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem hafa aflamarksfiskveiðileyfi og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. 60% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli annarra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.

c) Ákvæði 1. máls. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla í Súðavík sem telja á til byggðakvóta, og einnig úthlutuðum byggðakvóta, til vinnslu í Súðavík á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Fram hafa komið tillögur að breytingum á þessum sérreglum sem hér verða settar fram.

Bætt er við eftirfrandi viðbótarákvæði við 60% pott í 1. máls. 1. mgr 4. gr: *60% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli annarra fiskiskipa sem landað hafa 50% eða meira af sínum afla, fiskveiðarárið 2017/2018 í Súðavík og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.*

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðbótarákvæðið.

*Þá hefur Jón Þór Eiríksson óskað eftir í tölvupósti að dagsetningar vegna skráningar skips og útgerðar verði færðar til 8. mars 2019. Tölvupósturinn lagður fyrir sveitarstjórn.*

Sveitarstjórn hafnar erindi Jón Þórs.

*Þá hefur Jónas Ragnarsson óskað eftir í tölvupósti að fellt verði úr reglum að úthlutuðum byggðakvóta verði ekki skylt að landa í Súðavík.*

Sveitarstjórn hafnar erindi Jónasar Ragnarssonar.

Sérreglur fyrir úthlutun byggðakvóta 2018 / 2019 hljóða eftirfarandi eftir þessar breytingar:

a) A-liður 1. gr breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni sbr 4. gr laga nr 116/2006 um stjórn fiskveiða eða frístundafiskveiðileyfi skv 2. tl 4. mgr 6. gr sömu laga við lok umsóknafrests.

b) Ákvæði 1. máls. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðisárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 20% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundafiskveiðileyfi. 20% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem hafa aflamarksfiskveiðileyfi og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. **60% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli annarra fiskiskipa sem landað hafa 50% eða meira af sínum afla, fiskveiðarárið 2017/2018 í Súðavík og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.**

c) Ákvæði 1. máls. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla í Súðavík sem telja á til byggðakvóta, og einnig úthlutuðum byggðakvóta, til vinnslu í Súðavík á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Breytingar eru feitletraðar.

Samþykkt samhljóða af sveitarstjórn.

3. Ráðning sveitarstjóra. Að beiðni oddvita tók sveitarstjóri saman lýsingu á ráðningarferli sveitarstjórnar sem finna má í skýrslu sveitarstjóra.

Á aukafundi sveitarstjórnar, 2. mars, þar sem ráðning sveitarstjórnar var til umræðu var lögð fram tillaga frá Samúel Kristjánssyni um að atkvæðagreiðsla um ráðningu sveitarstjóra skyldi vera leynileg. Tillöguna samþykktu Samúel Kristjánsson, Elsa Borgarsdóttir og Karl Guðmundur Kjartansson. Steinn Ingi Kjartansson og Elín Gylfadóttir greiddu atkvæði á móti tillögunni. Tillagan var því samþykkt og fer því fram undir þessum lið leynileg atkvæðagreiðsla milli þriggja umsækjenda um stöðu sveitarstjóra.

Oddviti Steinn Ingi Kjartansson óskar eftir að bóka eftirfarandi:

Yfirlýsing á 11. fundi hreppsnefndar Súðavíkurrepps haldinn föstudaginn 8. mars 2019:

Á aukafundi Hreppsnefndar haldinn 2 mars 2019, er bókað að ég undirritaður hygðist á næsta hreppsnefndarfundum leggja fram tillögu um að hæfasti umsækjandinn að mati Hagvangs um starf sveitarstjóra, Kristinn H. Gunnarsson, yrði ráðinn næsti sveitarstjóri.

Í ljósi þess að meirihluti hreppsnefndarmanna ákvað á fundinum 2. mars að tilhögun á kosningunni í dag skuli vera leynileg kosning á milli þeirra þriggja umsækjenda sem Hagvangur skilgreinir sem þrjá hæfustu, en ekki bundið við tillögu eins og ég var með í huga, þá dreg ég boðaða tillögu til baka, en áréttu um leið að afstaða mín um hvern umsækjandann ég tel hæfastan er óbreytt og hvet um leið sveitarstjórnarmenn að fylgja niðurstöðu Hagvangs, sem er sérstaklega faglega unnin, greindi ítarlega hverja umsókn og telst vera sérfræðilegt niðurstaða.

Elín Gylfadóttir bókar eftirfarandi: Með vísan í bókun oddvita þá vil ég gera grein fyrir mínu atkvæði á þann veg að ég mun fylgja niðurstöðu Hagvangs um þann einstakling sem Hagvangur telur hæfastan í starfið.

Kosið er um þrjá efstu umsækjendurna að mati Hagvangs. Þeir eru í stafrófsröð:

- Björn Lárusson
- Bragi Þór Thoroddsen
- Kristinn H. Gunnarsson

Atkvæði fóru sem hér segir:

Bragi Thoroddsen fékk þrjú atkvæði.

Kristinn H. Gunnarsson fékk tvö atkvæði.

Meirihluti sveitarstjórnar, með þremur atkvæðum, samþykkir þar af leiðandi að ganga til samninga við Braga Þór Thoroddsen um starf sveitarstjóra.

Sveitarstjórn felur oddvita að ganga til samninga við Braga Þór og leggja undir sveitarstjórn.

4. Tvö erindi hafa borist sveitarstjórn um leigu á hlut sveitarfélagsins í Ísafjarðará. Málið hefur verið til afgreiðslu í sveitarstjórn undanfarið.

Sveitarstjórn ákveður að ganga til samninga við Jóhönnu Kristjánsdóttur um leigu á Ísafjarðará til eins árs.

Samþykkt samhljóða.

5. Sveitarstjórn skipar starfandi sveitarstjóra í samráðshóp umhverfisevntunar og einnig í nefnd vegna uppfærslu innviðagreiningar á vegum Vestfjarðastofu. Samþykkt samhljóða.
6. Lagt fram og vísað til Velferðarnefndar.
7. Endurnýjaður samningur við NAVÉ. Umræða um málið. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd Súðavíkurhrepps. Gert er ráð fyrir fjármagninu í fjárhagsáætlun 2019.
8. Lagt fram.
9. Lagt fram.
10. Lagt fram.
11. Hér koma fulltrúa VesturVerks, Gunnar Gaukur Magnússon og Birna Lárusdóttir til fundar við sveitarstjórn til umræðu um virkjanakosti í sveitarfélaginu í samhengi við heildarendurskoðun aðalskipulags í Súðavíkurhreppi. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að vinna möguleika sveitarfélagsins um að bæta virkjanakosti í Ísafirði, Hvanneyrardalsvirkjun, í aðalskipulag sveitarfélagsins, með tilliti til tímaramma. Stefnt að upplýsingarnar liggi fyrir næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.
12. Lagðir fram tveir styrkir sem sveitarfélagið fékk til ljósleiðarvæðingar. Annars vegar lagning inn Álftafjörð, upphæð 1.200 þús. og síðan Svansvík, Reykjafjörður og Hörgshlíð, upphæð 1.600 þús.

Styrkirnir eru undir því sem sveitarfélagið sótti um.

Sveitarstjóra falið að samþykkja styrkina með fyrirvara um að nýjir útreikningar sveitarfélagsins verði samþykktir í sveitarstjórn.

Sveitarfélagið felur sveitarstjóra að hefja viðræður við OV um samstarf vegna þriggja fasa tenginga þar sem við á.

Samþykkt samhljóða.

#### **Önnur mál**

Karl Guðmundur óskar eftir að tekið verði fyrir í landbúnaðarnefnd veiðar á ref og minkum fyrir sumarið 2019.

**Fleira ekki gert.**

**Fundi slitið kl. 12:15**

**Elín Gylfadóttir**

**Karl Guðmundur Kjartansson**

**Samúel Kristjánsson**

**Elsa Borgarsdóttir**

**Steinn Ingi Kjartansson  
oddviti**

